

## Markaðsfræði (VIÐS2MS05) Haustönn 2021



<b>Kennari</b>	Sunna Hlín Jóhannesdóttir, sunna@vma.is	<b>Sk.st.</b>	SUN
----------------	---	---------------	-----

### Lýsing:

Kynnt eru grundvallarhugtök og meginviðfangsefni markaðsfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning nemandans á gildi markaðsstarfs fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild sem og neikvæðar afleiðingar þess. Leitast er við að nemandinn tileinki sér markaðslega hugsun, t.d. með því að skoða og tákngreina kynningarefni. Fjallað er um söluráðana og samval þeirra við markaðssetningu. Nemandanum eru kynnt helstu atriði er varða umhverfi fyrirtækja, markaðshlutun, samkeppnisgreiningu og vinnuferli við markaðssetningu. Sérstaklega er fjallað um breyttar áherslur í markaðssetningu með aukinni tækni. Æskilegt er að gefa nemandanum kost á að kynnast vinnubrögðum í markaðssetningu með því að vinna að hagnýtum kynningarverkefnum á því sviði í nærsamfélaginu.

### Þekkingarviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- Mikilvægi samkeppnisgreiningar
- Hugtökum og hugmyndum varðandi vöruþróun og vörur
- Samvali söluráða
- Kaupvenjum neytenda
- Mikilvægi markaðshlutunar í öllu markaðsstarfi
- Breytingum í markaðsstarfi
- Neikvæðum áhrifum markaðsstarfs

### Leikniviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina kynningarefni
- Beita samvali söluráða
- Skoða kaupvenjur einstaklinga
- Framkvæma markaðshlutun
- Framkvæma samkeppnisgreiningu

## Markaðsfræði (VIÐS2MS05) Haustönn 2021

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fjalla um áreiti frá markaðnum á gagnrýninn hátt
- Leysa af hendi markaðshlutun og samkeppnisgreiningu
- Setja saman vel rökstutt val á söluráðum
- Vinna kynningarefni og velja boðleiðir
- Leysa af hendi táknfræðigreiningu

Námsgögn: Öll námsgögn verða inn á Moodle

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotu númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 33	Kynning á áfanga	Samfélagsmiðlaverkefni kynnt og lagt fyrir.	
Vika 34	Markaðsáætlun og söluráðarnir 4: Vara, verð, kynning og dreifing.		
Vika 35-39	<b>Vara:</b> Vara, þjónusta og hugmyndir, samkeppnisumhverfið, markhlutun og vörupróun.	Verkefni í samkeppnisgreiningu og markaðshlutun.	15%
Vika 40-42	<b>Verð:</b> Verð, líftími vara og dreifing		
Vika 43 – 49	<b>Kynning:</b> Kynningarmál, kauphegðun, ímynd fyrirtækja, táknfræði og markaðsetning á netinu.	Táknfræðiverkefni  Kynning á samfélagsmiðlaverkefni	10%  15%

Markaðsfræði (VIDS2MS05)  
Haustönn 2021


Námsmat og vægi námsmatsþátta:

<input type="checkbox"/> Símat	x <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkefni í samkeppnisgreiningu og markaðshlutun	15%	
Verkefni í tákfræðigreiningu	10%	
Samfélagsmiðlaverkefni/kynning á markaðsstarfi	15%	
Próf úr fræðihluta	60%	
Samtals:	100%	

**ATH! Vegna Covid-19 heimsfaraldurs getur skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.**

**Farsímanotkun nemenda er bönnuð nema með leyfi kennara.**

Dagsetning: 17.08.21

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils